

F U N D A R G E R Ð

16. - ARSPINGS

K Ö R F U K N A T T L E I K S S A M B A N D S

I S L A N D S

16. Arþing Kórfuknattleikssambands Íslands var haldið  
að Hótel Loftleiðum 21.- 22. maí 1976 og var sett kl. 20.00.  
þ. 21. maí.

Varaformaður kórfuknattleikssambandsins Páll Júliusson  
setti þigið í fjærveru formanns og bauð fulltrúa velkomna.  
Skilaði hann jafnframt kveðju til þingheims frá Einari  
Bollasyni.

Kjör starfsmanna:

Bogi Þorsteinsson var kjörinn forseti þingsins. Ritari  
þingsins var kjörinn Steinn Sveinsson og til vara Gylfi  
Kristjánsson.

Kjörnar nefndir þingsins:

Kjörbréfanefnd: Gunnar Gunnarsson  
Stefán Bjarkason  
Þorsteinn Guðnason

Fjárhagsnefnd: Gunnar Gunnarsson  
Erlingur Karlsson  
Bjarni Gunnar Sveinsson

Laga-og leikreglnanefnd:

Birgir Birgis  
Ingvi Stefánsson  
Kolbeinn Pálsson

Allsherjarnefnd: Páll Júliusson  
Hilmar Hafsteinsson  
Jón Otti Ólafsson

Kjörbréf: Sigurður Valur Halldórsson  
Gunnar Þorvarðarson  
Hörður Agústsson

Bjarni G. Sveinsson  
 Ingi Kr. Stefánsson  
 Þorsteinn Guðnason  
 Þorsteinn Hallgrímsson  
 Sigurður Gíslason  
 Sigurður V. Halldórsson  
 Kolbeinn Kristinsson  
 Sigurður Pórarinsson  
 Torfi Magnússon  
 Guðmundur Þorsteinsson  
 Ríkharður Hrafnkelsson  
 Hörður Agústsson  
 Ómar Práinsson  
 Þorvaldur Geirsson  
 Lína Þórdardóttir  
 Eiríkur Björgvinsson

#### Skýrsla stjórnar:

Framkvæmdastjóri KKÍ Steinn Sveinsson gerði grein fyrir skýrslu stjórnarinnar, las hana og skýrði, skýrslan lá prentuð fyrir fundarmönnum og visast til hennar.

#### Reikningar:

Gjaldkeri KKÍ Erlingur Karlsson gerði grein fyrir reikningum sl. starfsár. Reikningarnir lágu prentaðir fyrir fundarmönnum og visast til þeirra.

#### Umræður um ársskýrslu og reikninga.

Híklar umræður urðu um þetta tvennt og þó einkum reikningana þar sem fjárhagsstaðan er mjög bágborin.

Var bent á 2 galla á ársskýrslunni: Þorsteinn Guðnason benti á, að á bls 27 um tekjuðun unglingslandsliðs, vantaði inn í að piltarinir sáu einnig um ritari- og tímavörslustörf í Reykjavíkurmótinu. Bogi Þorsteinsson benti á bls. 41, þar sem talað er um handvömm FIBA. Taldi hann þessa ásökun ekki hafa við rök að styðjast.

happdrættismiða í Landshappdrætti KKÍ enda væri það um leið fjaröflun fyrir viðkomandi félag. Tók Erlingur undir það sem komið hefði fram í árskýrslunni um að félögin sœu um sölu á lo miðum pr. hvern virkan félaga. Sýndi hann fram á að á s.l. vetri hefðu mörg félög enga miða selt og önnur 1-3 pr. hvern virkan félaga. Örfá félög hefðu þó selt meira. Tók Steinn Sveinsson eindregið undir orð Erlings.

Þá urðu töluverðar umræður um hlut kvenna varðandi landsleiki. Hörður Ágústsson kom fyrst með fyrirspurn til stjórnarinnar varðandi kvennalandslið. Toldu þeir Páll Júliusson og Sigurður V. Halldórsson að slíkt mundi aðeins enn óuka rekstarhallarn. Emelia Sigurðardóttir og Eiríkur Björgvinsson töldu þetta ekki rétt, þar sem yfirleitt hefði verið minni kostnaður við ferðir kvennalandsliða en annarra. Benti Emelia á að pegas stúlkurnar fóru á síðasta Norðurlandamót, þá hefðu þær algerlega borgað sitt far sjálfor. Tóku þeir Þorsteinn Hallgrímsson og Kolbeinn Pálsson undir það að meira ætti að hlúa að kvennalandsliðinu og Kolbeinn bætti því við að sökin væri ekki aðeins hjá KKÍ heldur og hjá félögunum sjálfum. Þá bætti Guðrún Ólafsdóttir því við að síðast pegas skipuð var kvenna-nefnd þá hafi veið settir í hana menn að þeim forspurðum sem ekki gátu sinnt verkefninu.

#### Kolbeinn Pálsson.

Eftir að hafa tekið undir óskir varðandi kvennalandsliðið þá ræddi hann aðeins um reikningana. Hann var því sammála að fjárhagsstaðan í dag væri slæm, en bað menn að gleyma ekki þeim straumhvörfum sem orðið hefðu á starfsemi karla- og unglingslandsliðsins. Hann var þó sammála því að nota meira fé til útbreiðslustarfsemi og kenþslu. Þá minntist Kolbeinn á fjárlunarleiðir sambandsins og félaganna, sem mest hefðu byggst á greið vikni ýmissa fyrirtækja. Taldi hann einsýnt að slíkt gæti ekki gengið endalaust, enda væru mörg fyrirtæki að draga saman seðlin. Vitti hann afskiptaleysi ríkisins af íþróttamálum sem vori

5. Við reglugerð fyrir mótanefnd, um að tilkynna breyttingar á mótaskrá með sannanlegum hætti.

Öllum tillögunum var síðan vísað til laga- og leikreglnaneftndar.

Pá var og vísað til nefndarinnar tillögum, sem fram komu á þinginu um leiktíma yngri flokka og samræmingu á Reykjavíkur og Íslandsmóti.

1. Tillaga fráfarandi stjórnar um þátttökugjöld var vísað til fjárhagsneftndar, svo og tillögu Þorsteins Hallgríns-sonar um notkun útbreiðslustyrks.

2. Tillaga Guðrúnar Ólafsdóttur um boðsmiða fyrir 1. deild kvenna á 1. deildarleiki karla, var vísað til allsherjarnefndar.

3. Tillaga frá Hilmari Hafsteinssyni um að bannta notkun erlendra leikmanns á mótum sem fara fram á vegum KKÍ

4. Tillaga frá Steinri Sveinssyni um að leyfa einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagi innan KKÍ.

Umreður urðu um tillögur Hilmars og Steins. Bent Hilmari á það í framsöguverindi sínu að sú tilraun, sem reynd hefði verið á síðasta keppnistímabili hefðu mistekist. Hvorki hefði körfuknattleikurinn komist á hærra plan, né aðsókn aukist. Þá taldi Hilmari þetta vera hreina atvinnumeninskú og tladi það óréttlátt að félög keyptu sér Íslandsmeistaratitil. Vildi hann frekar eyða fénu í það að fá hingað til lands hæfa erlenda þjálfara á vegum KKÍ og félaganna í sameiningu.

Undir orð Hilmars tóku þeir Eiríkur Björgvinsson og Þorsteinn Hallgrímsson, vildi Þorsteinn þó gera þá breytingartillögu að viðkomandi erlendur leikmæður þyrfti aðeins að búa hér í 6 mánuði áður en hann fengi að leika með félagi innan KKÍ. Ingí Stefánsson veldi fella tillöguna. Var tillögunni síðan vísað til laga- og leikreglnaneftndar.

Tillæga um þátttökugjöld í Íslandsmótum:

Þátttökugjöld verði kr. 15.000. í 1., 2. og 3. deild karla og kvenna.

Aðrir flokkar kr. 7.000.-

Fjárhagsnefnd lagði til nokkarar breytingar á fjárhagsáætlun.

Breytingatillaga fjárhagsnefndar:

Tekjur af leikskrá verði 530 þús í stað 300 þús

Ferðastyrkir verði 500 þús í stað 300 þús

Tekjuöflun landsliðsnefndar verði 900 þús í stað 600 þús

Aðrar fjáröflunarleiðir verði 1.000 þús í stað 800 þús

Ferðakostnaður landsliðs verði 1500 þús í stað 600 þús

Ferðakostnaður unglingsalandsl. verði 600 þús í stað 240 þús

Útbreiðslu og MB nefnd verði 450 þús

Til ráðstöfunar vegna skulda fyrra árs 1200 þús.

Fjárhagsáætlun var síðan samþykkt samhljóða með framanum breytingum.

Laga og leikreglnanefnd:

Birgir Örn Birgis gerði grein fyrir störfun nefndarinnar. Nefndin lagði til að tillögu fráfarandi stjórnar og laganeftnar væru samþykktar óbreyttar, að undanskilinni tillögu um að hafa Körfuknattleiksþingið á tveggja ára fresti. Voru þessar tillögur nefndarinnar allar samþykktar samhljóða og án umræðna.

Eftirfarandi tillögur voru samþykktar.

Lög körfuknattleikssambandsins:

lo.gr.1) Að kjósa 3 menn í fjáröflunarnefnd, með gjal-  
kera sem formann, sem hélgi sig tillögum um fjáröflun  
og framkvæmd þeirra.

Reglugerð um dómaramál:

Viðbót við 4.grein: "Dómarar í 1.fl. skulu dæma leiki  
í deildarkeppni og mfl. kv., svo og leiki í úrslitum  
yngri flokka.

Starfsreglur fyrir aganefnd:

1. 8.grein innan sviga í stað "sjá þó 5.gr." komi sé  
munnlegur málflutningur heimill, skal aganefnd þó  
hafa tekið málið til úrskurðar innan lo. daga.
2. Starfsreglur aganefndar verði teknar til vändlegrar  
endurskoðunar og verði því lokið fyrir næsta keppnis-  
tímbil.

Reglugerð fyrir mótanefnd:

Ný grein komi inn sem lo. grein og lo. grein verði ll.gr.  
Mótanefnd er skyldt að tilkynna breytingar á leikskrá  
með sannanlegum hætti. Ef boða þarf til leiks vegna  
breytingar á lmótaskrá skal það gert með minnst viku  
fyrirvara.

Tillaga um samræmingu á Reykjavíkur og Íslandsmóti ~~og~~  
nánara samstarf KKÍ og KKRR.

Tillagu frá KKRR um að Íslandsmót hefjist ekki fyrr en 15. nóv. ár hvert vegna Reykjavíkurmóts og um nánara samstarf var vísað til stjórnar KKÍ.

Laga og leikreglnanefnd vildi síðan fella niður tillögu Hilmars Hafsteinssonar um bann við ndkun erlendra leikmanna, þar sem ákvæðin hjá ISÍ um þessi mál væru nógum skýr. Þá vildi nefndin að tillaga Steins Sveinssonar um 1, erlendan leikmann með hverju félagi væri sambykkt, með smá orðalagsbreytingum.

Hófust síðan fjörugar umræður um þessar tillögur og tóku margir til máls. Komu fram í umræðum fundarmanna svipuð viðhorf og dæginn áður og fammst sitt hverjum. Bar m.a. á góma reglugérð ISÍ um þetta efni og fannst mönnum hún opin í báða enda.

Gísli Halldórsson forseti ISÍ tók undir þetta sjónarmið, enda reglugerðin komin til ára sinna. Kvað hann erfitt orðið að skilgreina hugtakið atvinnumaður og áhugamaður, þar sem m.a. mætti orðið segja að 90% af íþróttafólki á Olympiuleikjunum sjálfum væri orðið atvinnumenn eð meira eða minna leyti.

Eftir snarpar umræður var tillaga Hilmars Hafsteinssonar síðan borin undir atkvæði, með ékomnum breytingum frá Þorsteini Hallgrímssyni. Var oftirfarandi tillaga sambykkt að viðhöfðu nafnakalli með 22 atkvæðum gegn 17.

Tillaga um erlenda leikmenn:

16. ársþing KKÍ 1976 sambykkir að heimila ekki erlendum leikmönnum að leika innan véganda KKÍ, nema þeir full-nægi reglum ISÍ um ríkisborgarárétt, með þeim breytingum þó við reglugerð ISÍ að í stað tveggja ára komi 6 mánuðir.

Kosningu fastra nefnda, sem starfa milli þinga var visað til stjórnar.

Formannskjör:

Páll Júliusson var einn í formannskjöri og var kjör hans staðfest með lófataki fundarmanna.

Kosning stjórnar:

Eftirtaldir voru í kjöri og voru kosnir:

Birgir Örn Birgis  
Bogi Þorsteinsson  
Haukur Hannesson  
Guðni Guðnason

I varastjórn:

Hörður Túliniус  
Gylfi Kristjánsson

Endurskoðendur:

Þráinn Sigurjónsson  
Hólmsteinn Sigurðsson

Pá var einróma samþykkt tillaga um að senda fráfarandi formanni, Einari Bollasyni, bestu kveðjur frá fundarmönnum með þökkum fyrir mikil og giftuðrjúg störf á liðnum árum.

Gísli Halldórsson:

Bar hann kveðju sína til körfuknattleiksmanna um land allt. Þá bæuð hann nýkjörna stjórn velkomna til starfa og þakkaði fréfarandi stjórn giftuðrjúg störf. Kvað hann það fagnaðarefni hve körfuknattleikurinn hefði sótt á síðustu árin, sem hann reyndar kvað ekki að undra þar sem, betta væri örugglega ein af bestu íþróttagreinum, sem hér væru stundaðar. Benti hann og á í þessu sambandi hve fjölmennt þingið væri. Gísli harmaði lítinn hlut ÍSÍ til starfseminnar og sagði það í raun undravert hve samböndin væru rösk við að afla sér fjár. Síðan minnti hann fundarmenn á Grunnskóla ÍSÍ, sem mikils væri af að vænta og fagnaði Körfuknattleiksskólanum að Laugarvatni.